

Ed.

4. Frumvarp til laga

[4. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1957 20 auru af hverjum lítra, þar af skulu 5 auru renna í brúasjóð og 5 auru í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e.-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1956, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1957, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1957, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
3. Á árinu 1957 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg. Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til, að framlengd verði ákvæði um sama efni, sem eru nú í lögum nr. 3/1956, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga. Bætt er við ákvæði um, að bifreiðaskattur fyrir árið 1957, sem kann að verða greiddur á því ári vegna eigendaskipta eða af öðrum ástæðum, skuli innheimtur með sömu álögum.